



Bæjarstjórn Blönduósbæjar 16. FUNDUR – 11. september 2007

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 16. fundar þriðjudaginn 11. september 2007 kl. 17:30 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Ragnar Ingi Tómasson ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerð bæjarráðs frá 5. september sl.
2. Fundargerð menningar- og fegrunarnefndar frá 21. ágúst.
3. Fundargerð landbúnaðanefndar frá 24. ágúst.
4. Fundargerð fræðslunefndar frá 30. ágúst.
5. Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 4. september.
6. Nýbygging sundlaugar – fundargerðir framkvæmdahóps.
 - a. 1. fundur 6. júní.
 - b. 2. fundur 8. júní.
 - c. 3. fundur 11. júní.
 - d. 4. fundur 14. ágúst.
7. Drög að samningum málaflokka er falla kynnu undir Héraðsnefnd A- Hún. sbr. bókun héraðsnefndar frá 12. júlí sl.
8. Nafn á torgið við Húnabraut.
9. Tillaga um breytingar á skipuriti Blönduósbæjar.
10. Starfsmannamál.

Afgreiðslur:

Forseti bauð velkominn til fundar Eyjólf Þór Þórarinsson og óskaði eftir því að fundurinn hæfist á lið 6. Fundarmenn samþykktu það.

6. Nýbygging sundlaugar – fundargerðir framkvæmdahóps.

Gaf forseti Eyjólf orðið, og kynnti hann hugmynd framkvæmdahóps um byggingu sundlaugar á Blönduósi ásamt því að hann lagði fram frumkostnaðaráætlun um sundlaugarbyggingu og skýrði einstaka liði.

Þar gerir tillaga A ráð fyrir innilaug 16,67 m x 10,50 m með tilheyrandi mannvirkjum og búnaði, kostnaðaráætlun hljóðar upp á 323,5 millj.

Tillaga B gerir ráð fyrir 25 x 8m laug með tilheyrandi tengibyggingu, sundlaugargarði og útiklefum með tilheyrandi búnaði, kostnaðaráætlun hljóðar upp á 281,5 millj.

Nokkrar umræður urðu um þessi gögn, gert er ráð fyrir annarri og síðari umræðu um sundlaugarbyggingu á næsta bæjarstjórnarfundi. Að lokinni umfjöllun um þennan lið vék Eyjólfur Þór af fundi. Forseti bar þá upp í einu lagi fundargerðir framkvæmdahópsins, þær voru samþykktar með 7 atkv. samhljóða.

Þegar hér var komið var gengið til skráðrar dagskrár.

1. Fundargerð bæjarráðs frá 5. september, í 17 liðum kynnt og tekin til afgreiðslu. Ágúst Þór Bragason tekur ekki þátt í afgreiðslu 3. liðar vegna skyldleika við málið. Jóna Fanney Friðriksdóttir tekur ekki þátt í afgreiðslu 16. liðar vegna skyldleika við málefnið. Samþykkt samhljóða að skýra nánar 1. lið fundargerðarinnar með svohljóðandi bókun: *Ámundakinn ehf. gerir Blönduósbæ tilboð um að kaupa hlut bæjarins í Húnakaupum hf. og greiða fyrir með nýjum hlutabréfum í Ámundakinn ehf.* Valdimar Guðmannsson óskaði eftir svohljóðandi bókun varðandi lið 1. *“Á meðan stjórn Ámundakinnar ehf. hefur þá stefnu að bjóða ekki út byggingarframkvæmdir á vegum félagsins og mismuna þannig starfandi fyrirtækjum á svæðinu sé ég mér ekki fært að greiða atkvæði með tilboði Ámundakinnar ehf. varðandi hlut Blönduósbæjar í Húnakaupum hf.”*



Fundurinn samþykkti tilboðið með 6 atkv., einn sat hjá. Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarstjóra að undirrita kaupsamning við Ámundakinn ehf. um hlut Blönduósbæjar í Húnakaupum hf. Samþykkt með 5 atkv. einn sat hjá, einn var á móti.

Liður 2. Byggðakvóti, svohljóðandi tillaga lögð fram. “*Bæjarstjórn Blönduósbæjar samþykkir samhljóða að nýta sér ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 þar sem segir: Meðal annars er heimilt að úthluta aflaheimildum fyrir fiskveiðiárið í þremur áföngum, “1/3 hverju sinni enda séu skilyrði um landað magn til vinnslu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar uppfyllt í sama hlutfalli á sama tíma”.* Tillagan borin upp og samþykkt með 7 atkv. samhljóða.

10.liður, skíðasvæði. Fram lögð svohljóðandi tillaga. “*Bæjarstjórn samþykkir að greiða 600 kr. á íbúa til uppbyggingar skíðasvæðis í Tindastóli til eins árs. Að því loknu skal endurskoða samstarfið*”. Tillagan borin upp og samþykkt með 7 atkv. samhljóða. Héðinn Sigurðsson óskaði eftir að gera grein fyrir atkv. sínum eð svohljóðandi bókun. “*Undirritaður samþykkir tillögu þessa enda verði málin skoðuð heilstætt með hagsmunum ferðaþjónustu og æskulýðsstarfs í huga í héraði*”. Fundargerðin þá borin upp að öðru leyti og samþykkt með 7 atkv. samhljóða.

2. Fundargerð menningar- og fegrunarnefndar í einum lið frá 21. ágúst, kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp, hún var samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
3. Fundargerð landbúnaðarnefndar í 6 liðum frá 24. ágúst, kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
4. Fundargerð fræðslunefndar í 7 liðum frá 30. ágúst, kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin undir atkv. og samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
5. Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar í 5 liðum frá 4. september, kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin undir atkv. hún samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
7. Drög að samningum málaflokka er falla kynnu undir Héraðsnefnd A-Hún. sbr. bókun héraðsnefndar frá 12. júlí.
 - a. Félagspjónusta.
 - b. Embætti byggingarfulltrúa.
 - c. Slökkvilið A-Húnavatnssýslu.Umræða varð um samningsdrögin og þeim síðan vísað til síðari umræðu á næsta bæjarstjórnarfundi.
8. Nafn á torgið við Húnabraut. Óskað var eftir tillögum um nafn á torgið. Fremur dræm þátttaka varð í tillögugerðinni, 21 nafnatillaga barst. Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að torgið skuli heita *Bæjartorg*.
9. Tillaga um breytingar á skipuriti Blönduósbæjar. Bæjarstjóri lagði fram tillögu og skýrði þær. Umræður urðu um tillögurnar. Tillögunum þá vísað til frekari umræðu á næsta bæjarstjórnarfundi.
10. Starfsmannamál.
Liðnum vísað til umræða á næsta bæjarstjórnarfundi.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:20.

Valgarður Hilmarsson (sign.)

Ragnar Ingi Tómasson

Héðinn Sigurðsson (sign.)

Nína Margrét Pálmadóttir (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)